

5. Fundur

Þriðjudaginn 15. nóvember 2022 kom stjórn, trúnaðarráð og trúnaðarmenn saman í fundarsal Einingar-löju 2. hæð Alþýðuhússins. Hófst hann kl. 20:00.

Eiður Stefánsson formaður félagsins ávarpaði fundargesti í fjarfundi.

Dagskrá:

1. Eiður Stefánsson formaður FVSA fór yfir stöðu kjaraviðræðna. Í máli hans kom fram að fjárhagsstaða stærstu fyrirtækja í geira félagsins væri mjög góð og ferðapjónustan hafi jafnvel vel náð að rétta út kútnum eftir covid. Staða fyrirtækja á markaði er sömuleiðis heilt yfir sterk, sem endurspeglast í háum arðgreiðslum.

Í framhaldi var farið yfir helstu þáttaskil kjaraviðræðna:

Þann 27. október samþykktu LÍV/VR og Starfsgreinasambands Íslands (SGS) um að taka höndum saman í viðræðum við Samtök atvinnulífsins (SA) um nýjan kjarasamning. Viðræður leiddu til þess að þann 9. nóvember lögðu stéttarfélögin fram launakröfur sem tóku mið af stuttum kjarasamning. Krafan hljómaði upp á 8% hækkun, með lágmarkshækkun um 50.000 kr. og hámarkshækkun 80.000 kr. Að auki var farið fram á svokallaða vaxtavörn að upphæð 30.000 kr. sem tæki lækkunum, myndu allir vextir lækka.

Mótboð Samtaka atvinnulífsins var metið upp á 3,5% hækkun, lægstu laun hefðu þá hækkað um 17.000 kr. og þak sett á mestu hækkun um 27.000 kr.

Ljóst var að mikið bar á milli samningsaðila og annar fundur boðaður. Ekkert nýtt kom fram á þeim fundi.

Stéttarfélögin óskuðu í framhaldi eftir umboði frá sínum samningsnefndum til þess að vísa viðræðum til ríkissáttasemjara. Umboð var samþykkt og viðræðum í framhaldi vísað til ríkissáttasemjara mánudaginn 14. nóvember.

2. Kjör í uppstillingarnefnd.

Óskað var eftir framboði úr röðum trúnaðarráðs til setu í uppstillingarnefnd félagsins. Eitt framboð barst frá Guðlaugu Kristjánsdóttur og var hún kosin einróma.

3. Önnur mál.

María Rut Dýrfjörð, starfsmaður FVSA, fór yfir praktísk atriði fyrir félagsmenn.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.